

REGLUGERÐ VEGNA KJÖRS Á ÍPRÓTTAMANNI ÁRSINS Í VOGUM

1. Val á íþróttamanni ársins skal kynnt á hátíðarsamkomu.
2. Íþróttamaður ársins verður að vera í íþróttafélagi innan Íþróttasamband Íslands og vera búsettur í Vogum.
3. Íþróttá- og tómstundanefnd velur íþróttamann ársins í hvert skipti.
4. Hver þjálfari má tilnefna tvo íþróttamenn frá sér. Tilnefndir íþróttamenn skulu vera 12 ára á árinu eða eldri. Íþróttá- og tómstundarnefnd má tilnefna einn íþróttamann sem er búsettur í Vogum en stundar sína íþrótt utan bæjarmarkanna. Allar tillögur skulu vera rökstuddar.
5. Íþróttá- og tómstundarnefnd velur síðan einn úr hópi tilnefndra sem íþróttamann ársins í Vogum.
6. Íþróttamaður ársins í Vogum hlýtur við útnefningu farandbikar til eins árs og bikar til eignar.
7. Allir tilnefndir íþróttamenn hljóta sérstaka viðurkenningu frá Sveitarfélaginu Vogum.
8. Framkvæmd hátíðarsamkomu: Æskilegt er að sem flestir bæjarbúar eigi kost á því að geta fylgst með kjöri á íþróttamanni ársins í Vogum. Því er æskilegt að hátíðarsamkoman þar sem verlaunin eru veitt sé opin og auglýst. Gott væri að vera með léttar kaffiveitingar. Boðsbréf verða send út til þeirra þeirra íþróttamanna sem eru tilnefndir, sem og þjálfara og stjórnar Þróttar.
9. Reglugerð þessa skal endurskoða að ári.